

## REGLUR

### um beitingu viðurlaga í formi dagsekta.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur að fengnu samþykki og staðfestingu bankaráðs sett eftirfarandi reglur um beitingu Seðlabanka Íslands á dagsektum skv. 2. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

#### 1. gr.

*Dagsektir vegna reglna um bindiskyldu, lausaffjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð.*

Hlíti lánastofnun eða verðbréfasjóður ekki neðangreindum reglum settum af Seðlabanka Íslands:

- a) reglum um grundvöll og framkvæmd bindingar, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 36/2001,
- b) reglum um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana, sbr. 12. gr. laga nr. 36/2001, og
- c) reglum um gjaldeyrisjöfnuð, sbr. 13. gr. laga nr. 36/2001, er Seðlabankanum heimilt að beita lánastofnun eða verðbréfasjóð viðurlögum í formi dagsekta eins og nánar greinir í 2. gr.

#### 2. gr.

*Útreikningur og fjárhæðir dagsekta skv. 1. gr.*

Þegar innstæða á bindireikningi að meðaltali á binditímabili er lægri en tilskilin bindifjárhæð skal reikna dagsektir sem samsvara dráttarvöxtum yfir binditímabilið á þá fjárhæð sem á vantaði að meðalinnstæða bindireiknings næði tilskilinni bindifjárhæð. Þegar lausaffjárhlutfall nær ekki tilskildu lágmarki skv. mánaðarskýrslu skulu dagsektir samsvara dráttarvöxtum á þá fjárhæð sem á vantar. Þegar gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilin mörk skv. skýrslum, hvort sem þeirra er krafist daglega eða mánaðarlega, skulu dagsektir samsvara dráttarvöxtum á þá fjárhæð sem gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilda fjárhæð.

Dagsektir vegna tafa eða vanrækslu á skýrsluskilum skulu vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með þeim degi sem síðast bar að inna skylduna af hendi og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt.

#### 3. gr.

*Dagsektir vegna upplýsinga sem bankinn á rétt á skv. lögum.*

Vanræki aðilar að veita Seðlabankanum upplýsingar sem hann á rétt á samkvæmt 3. mgr. 37. gr. laga bankans nr. 36/2001, skulu dagsektir vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með þeim degi sem skila bar upplýsingunum í síðasta lagi og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt.

#### 4. gr.

*Dagsektir vegna vísitandi rangra upplýsinga.*

Veiti aðilar Seðlabankanum vísitandi rangar upplýsingar, sbr. 3. mgr. 37. gr. laga bankans nr. 36/2001, skulu dagsektir vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með móttökudegi hinna vísitandi röngu upplýsinga og fram að þeim degi sem réttar upplýsingar eru móttæknar af Seðlabankanum.

## 5. gr.

*Ófullnægjandi upplýsingar.*

Ef í ljós kemur við úrvinnslu upplýsinga að efni þeirra er ófullnægjandi, leggur bankastjórn Seðlabankans fyrir aðila að bæta þar úr án ástæðulausra tafa. Heimilt er í slíkum tilvikum að beita dagsektum skv. 1. gr., sbr. 2., 3. og 4. gr., ef bankastjórn telur þörf á.

## 6. gr.

*Ákvörðun um dagsektir.*

Bankastjórn Seðlabankans leggur á dagsektir með sérstakri ákvörðun. Við ákvörðun fjárhæða dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrks aðila, svo sem heildareigna hlutaðeigandi.

Aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að skal veittur sjö daga frestur til að koma að skriflegum andmælum áður en bankastjórn Seðlabankans tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

Ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans um dagsektir skal kynnt aðila skriflega með sannanlegum hætti án ástæðulausra tafa.

## 7. gr.

*Kæruheimild.*

Aðila sem bankastjórn Seðlabankans hefur gert að greiða dagsektir með sérstakri ákvörðun, er heimilt að kæra þá ákvörðun til forsætisráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um hana.

## 8. gr.

*Innheimta dagsekta.*

Heimilt er að innheimta dagsektir að liðnum sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila, sbr. 3. mgr. 6. gr. reglna þessara. Dagsektir má innheimta með aðför að lögum, sbr. 2. ml. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 36/2001. Einnig má innheimta dagsektir með því að skulda viðskiptareikning hlutaðeigandi aðila hjá Seðlabanka Íslands.

Innheimt viðurlög skulu renna að 3/4 hlutum til ríkissjóðs (að frádregnum kostnaði við innheimtuna) og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

## 9. gr.

*Kynning og gildistaka.*

Reglur þessar, sem hafa verið kynntar Fjármálaeftirlitinu og þeim stofnunum sem þær taka til, öðlast gildi 1. júlí 2002.

Reykjavík, 29. maí 2002.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**